



# Rammi um útgáfu fræðirita

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir



Rammi um útgáfu fræðirita.

Júlí 2024

Ritstjóri: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Útgefandi: ReykjavíkúAkademían

Útgáfunúmer: RA-2024-8

Pórunnartún 2

105 Reykjavík

Sími 562 8565

Netfang: [ra@akademia.is](mailto:ra@akademia.is)

Veffang: [www.akademia.is](http://www.akademia.is)



## **Innihald**

Tilgangur ReykjavíkurAkademíunnar.....	2
Bakgrunnur.....	3
Þráðurinn tekinn upp að nýju.....	4

# Tilgangur ReykjavíkurAkademíunnar

Tilgangur ReykjavíkurAkademíunnar ses er samkvæmt 3. gr. Samþykktu stofnunarinnar (2006) að vera vettvangur fræðilegra rannsókna og miðlunar, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og alþjóðleg samstarf. Í því skyni skal stofnunin m.a. reka miðstöð sjálfstætt starfandi fræðimanna, standa fyrir virku samstarfi þeirra og umræðu um samfélag og menningu. Einnig á stofnunin að annast kennslu á háskólastigi, standa að nýjungum í háskólakennslu, veita ferskum straumum inn í íslenskt fræðasamfélag og standa fyrir útgáfu fræðiritra. Þá er stofnunni skv. gildandi samningi við stjórnvöld m.a. ætlað að reka menningarmiðstöð, bjóða markhópi stofnunarinnar upp á starfsaðstöðu og vera málsvari, þ.e. „[veita stjórnvöldum ráðgjöf og aðstoð] varðandi stefnumótandi atriði á starfssviði RA þegar eftir því er leitað, m.a. í þágu starfsemi Vísinda- og tækniráðs.“ Nú á vordögum hefur þetta víðtæka hlutverk stofnunarinnar verið rætt og kjarnað í eftirfarandi fjórum orðum sem saman ná að lýsa starfseminni:



Öll þessi svið starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar eru í endurskoðun og mótun en hér er athyglinni beint að þekkingarmiðlun RA og þá sérstaklega að því hvað má gera betur varðandi stuðning RA við útgáfu fræðiritra og hvert stjórn ReykjavíkurAkademíunnar vill stefna.

## Bakgrunnur

Frá stofnun ReykjavíkurAkademíunnar 1997 var töluverð áhersla á útgáfu og stuðning við útgáfu félaga. Um þessa áherslu má t.d. lesa hér og þar í bók Árna Daníels Júlíussonar, [Fræðimenn í flæðarmáli](#) (2009) en þar er fjallað um fyrstu tíu árin í sögu ReykjavíkurAkademíunnar.

Áhersla á útgáfu birtist einnig skýrt í 3. grein [samþykktu ReykjavíkurAkademíunnar](#) (2006) þar sem fram kemur að tilgangur stofnunarinnar sé m.a. að „standa fyrir fræðiritáútgáfu s.s. með útgáfu bóka, tímarita um fræði og menningu og kennslubókagerð.“

Nokkur kraftur virðist vera í bókaútgáfu á fyrstu árum stofnunarinnar. Á afriti af [vefsíðu ReykjavíkurAkademíunnar frá árinu 2019](#) má lesa að ReykjavíkurAkademían hafi á árunum 2006 - 2011 gefið út eitt rit, *Fræðimenn í flæðarmáli* eftir Árna Daníel (2009) og tekið þátt í útgáfu fimm bóka: *Frá endurskoðun til upplausnar* (2006) og *Sögustríð – Greinar og frásagnir um hugmyndafræði* (2006) í samvinnu við Miðstöð Einsögurannsóknar. *Norður: Íslensk börn ímynda sér norðrið* (2009) og *Iceland and Images of the North* (2011) í samvinnu við kanadíska háskólaútgáfu og *Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld: Framtíðarsýn á 21. öldinni* (2007) í samvinnu við Eflingu – stéttarfélag.

Einnig var tveimur ritröðum, *Atvikum* og *Íslenskri menningu*, haldið úti af stofnunni. Ritraðirnar gegna ólíku hlutverki. Ritröðin *Atvik* var gefin út í samstarfi við útgáfufyrirtækið Omdúrman (eigandi Hjálmar Sveinsson) sem „vettvangur þar sem hugmyndir og rannsóknir eru kynntar með þýðingum og frumsömdum textum í hnitmiðuðum smáritum, handhægum og ódýrum bókum í vasabroti.“ Síðast kom bók út í ritröðinni árið 2007. Ritröðin *Íslensk menning* var gefin út í samstarfi við *Hið íslenska bókmenntafélag* og flokkast

sem röð fræðiritra þar sem fjallað er um ýmsar hliðar sögu og menningar. Síðast kom bók út í þessari ritröð árið 2009.

Kraftur var í útgáfunni á árunum 2006-2009 en eftir það fer lítið fyrir bókaútgáfu á vegum ReykjavíkurAkademíunnar. Virðisaukaskattsnúmer sem tekið var í notkun 1. janúar 2006 í þeim tilgangi að Akademían myndi reka bókaútgáfu var afskráð í lok júní 2018 og þar með virðist formlegri bókaútgáfu á vegum ReykjavíkurAkademíunnar lokið. Hafi farið fram umræðan sem fór fram í tengslum við afskráninguna er ekki kunn og engar upplýsingar um ákvörðunina í fundargerðum stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar á árinu 2018. Þó má leiða líkum að því að vinna og kostnaður við bókhald tengt umsýslu virðisaukaskatts er það umfangsmikil að það hefur tæpast svarað kostnaði fyrir ReykjavíkurAkademíuna að halda virðisaukaskattsnúmeri.

Engin ákvörðun virðist heldur hafa verið tekin af stjórn ReykjavíkurAkademíunnar eða ritstjórum ritraðanna Atvika og Íslenskrar menningar um að hætta samstarfi um útgáfu ritraðanna og á vef ReykjavíkurAkademíunnar voru birtar upplýsingar um ritraðirnar allt þar til ný vefsíða var tekin í gagnid 2020.

## Þráðurinn tekinn upp að nýju

Á árunum 2023 og 2024 hefur farið fram innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar misformleg umræða sem gengur út að ReykjavíkurAkademían taki, með einum eða öðrum hætti, aftur upp þráðurinn þar sem frá var horfið um útgáfumál. Málið hefur m.a. verið rætt á fundum stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar, var reifað á vinnufundi með AkureyrarAkademíunni vorið 2023 og einnig hafa demóna í Þórunnartúni lagt fram ýmsar hugmyndir um aðkomu RA og stuðning við útgáfumál. Hvers vegna útgáfumál hafa fengið svo mikla athygli eftir að hafa legið í láginni um nokkur skeið er óskýrt. Líklega er þó til

staðar í samfélaginu almennt aukin þörf á stuðningi við útgáfu fræðirita. Því til stuðnings má tiltaka að:

- Bókaútgáfa er í kreppu sem leiðir til að færri gefst kostur á að bækur gefnar út og þurfa jafnvel að greiða sjálfir með útgáfunni
- Samningar einstaklinga við bókaútgáfur eru flóknir
- Reglur RA um stuðning við sitt fólk í formi viðburða og auglýsinga eru óskýrar
- Nýtt stuðningskerfi yfirvalda beinst að bókaútgefendum, ekki fræðafólki
- Nýjir miðlar og fjölbreyttari leiðir en áður til að gefa sjálfur út efni
- Vaxandi krafa um opinn aðgang að efni sem skrifað er með stuðningi úr opinberum sjóðum
- Skortur á þekkingu á útgáfumálum meðal félaga RA og hjá stofnunni.
- Þörf er til staðar fyrir samtal félaga um handrit og ritstjórn

Ýmsar leiðir eru færar fyrir ReykjavíkurAkademíuna til þess að styðja við félagsfólk í þess störfum að rannsóknum og þekkingarmiðlun, m.a. að endurvekja útgáfu fræðirita á vegum stofnunarinnar hvort sem er í samstarfi við bókaútgáfur og einstaklinga.

Flestar aðgerðirnar eru enn á umræðustigi en þremur verkefnum hefur verið hrint í framkvæmd:

### **Ritraðir: Atvik og Íslensk menning**

Nýlega var rætt við Hjálmar Sveinsson um að taka upp þráðinn aftur og var hann þeirri hugmynd ekki fráhverfur. Endurnýjun samstarfs við Hið íslenska bókmenntafélag er mun lengra á veg komið og tengist útgáfusamningi Ingunnar Ásdísardóttur við bókaforlagið en erindi hefur borist Akademíunni um starf.

### **Fjármögnun samstarfsverkefna um rannsóknir og þekkingarmiðlun**

Um nokkra hríð hefur verið rætt um stofnun styrktarsjóðs ReykjavíkurAkademíunnar sem hefði það verkefni að styðja demóna í að hrinda í framkvæmd ýmsum verkefnum í samstarfi

við RA og þannig hlúa að rannsóknum og þekkingarmiðlun stofnunarinnar og tryggja um leið að hún eflist og dafni. Vinnuhópur var því settur á fót haustið 2023 (mál 23.49) til þess að forma verkefnið og lagði hann fram tillögu á fundi stjórnar 24. apríl 2024 um Afmælistjóð ReykjavíkurAkademíunnar sem var samþykkt einróma um leið og hópnum var falið að ljúka málinu og verður lokaafurðin, Reglur Afmælistjóðs ReykjavíkurAkademíunnar, lagðar fram til samþykktar stjórnar í júlí 2024.

### **Vinnuhópur stjórnar um útgáfumál**

Til að ná utan um vaxandi umræðu í Þórunnartúni um mikilvægi þess að innan RA væri til staðar haldgóð þekking á útgáfumálum þá sendi framkvæmdastjóri póst á innanhúspóstlistann (10. apríl 2024) þar sem þeim sem höfðu áhuga á að efla stuðning ReykjavíkurAkademíunnar við útgáfu var gefinn kostur á að setjast í vinnuhóp stjórnar um útgáfumál. Oddný Eir Ævarsdóttir, Haukur Arnþórsson, Unnur G. Óttarsdóttir og Þórunn Valdimarsdóttir buðu sig öll fram og fól stjórn framkvæmdastjóra (24. apríl) að skilgreina verkefnið betur, skipa hópinn og styðja við starf hans eftir þörfum. Hópurinn var skipaður 29. apríl og var hlutverk hans tilgreint í tölvupósti sem sendur var á þau sem boðið höfðu fram krafta sína:

Komið þið sæl, Oddný Eir, Þórunn, Haukur og Unnur,

Þið fjögur hafið boðist til þess að mynda vinnuhóp stjórnar sem hefði það hlutverk að koma óformlegum umræðum um útgáfumál í ReykjavíkurAkademíunni í formlegri farveg og halda fund meðal demóna (eða allra félaga FRA?) þar sem kallað yrði eftir hugmyndum um útgáfumál og í kjölfarið vinna tillögur um málið sem yrðu lagðar fyrir stjórn.

Stjórn ræddi málið á fundi sínum, fimmtudaginn 24. apríl sl. og samþykkti stofnun vinnuhópsins.

Mig langar að leggja í ykkar hendur að forma og útfæra verkefnið og biðja ykkur á að hafa samband við okkur Álfheiði um allan mögulegan stuðning við ykkar vinnu. Eina sem ég vil nefna hér er að útgáfa getur verið mjög breitt hugtak og t.d. tekið til útgáfu efnis á samfélagsmiðlum Akademíunnar, samninga Akademíunnar við forlög, endurreisn aflagðra ritraða (Atvik, Tilvik og Frávik) öflun styrkja til útgáfu,



þekkingar á samningsgerð, námskeiða, aðstöðu til hljóðvarpsgerðar, vettvangur fyrir útgáfuhóf, kynninga á útgáfum demóna, áskrift á hugbúnaði o.s.frv. ...

Varðandi tímalínuna, þá er hún annað hvort þannig að verkefninu verði lokið eigi síðar en á aðalfundi sem verður væntanlega rétt fyrir miðjan júnímánuð. Eða ef það hentar verkefninu og hópnum betur á komandi hausti.

Gangi ykkur vel og góða skemmtun

Þegar þessar línur eru ritaðar þá hefur hópurinn ekki lokið störfum og því bíður næstu stjórnar að taka við tillögunum og ákveða hvernig RA getur aukið efla stuðning við útgáfu demóna.



AKADEMIA.IS